ENDURRIT ÚR GERÐABÓK
KYRRSETNINGA, LÖGBANNS OG LÖGGEYMSLU
FYRIR EMBÆTTI SÝSLUMANNSINS Í VESTMANNAEYJUM

Ár 2016, þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13:00 er tekið fyrir að nýju af Láru Huld Guðjónsdóttur, sýslumanni, á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum,

Lögbannsmál nr. 1/2016:
Gerðarbeiðandi: Brim hf., kt. 410998-2629
Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík

Gerðarþoli: Vinnslustöðin hf., kt. 700269-3299
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum.

Mál þetta var tekið fyrir með málsaðilum mánudaginn 29. ágúst s.l. Sýslumaður tók sér þá frest til að taka ákvörðun, um hvort lögbann verði lagt á, til kl. 14:00 í dag, þriðjudaginn 30. ágúst 2016. Við fyrirtöku málsins 29. þ.m. var málsaðilum gerð grein fyrir því að sýslumaður myndi taka ákvörðun í málinu í dag, eigi síðar en kl. 14:00 og að sú ákvörðun yrði tafarlaust tilkynnt þeim með sendingu tölvupósts. Ekki komu fram neinar athugasemdir af hálfu málsaðila við þeirri framkvæmd.

Skjöl málsins nr. 1- 20 liggja frammi.

Eftirtalið skjal er nú lagt fram:
nr. 21 Staðfest endurrit af fyrirtöku málsins, dags. 29. ágúst 2016.

Við fyrirtöku málsins þann 29. ágúst s.l. gerðu lögmenn málsaðila ítarlega grein fyrir sjónarmiðum umbjóðenda sinna, málsástæðum og nánari rökstuðningi, með vísan til laga og framlagðra gagna, sbr. einkum skj. nr. 1 og 14.

Sýslumaður hefur farið ítarlega yfir málið og komist að svofelldri niðurstöðu:

Kröfugerð gerðarbeiðenda:

Gerðarbeiðandi gerir þá kröfu í lögbannsbeiðni á skjali nr. 1 að Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum leggi lögbann við því að haldinn verði boðaður hluthafafundur í Vinnslustöðinni hf. að Hafnargötu 2 í Vestmannaeyjum þann 31. ágúst n.k. klukkan 11:00, þar sem til stendur að kjósa nýja stjórn í félaginu.

Þá krefst gerðarbeiðandi þess að gerðarþola verði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að mati sýslumanns og annan kostnað sem gerðarbeiðandi hafi af máli þessu.

Kröfugerð gerðarþola:

Gerðarþoli krefst þess að sýslumaður synji kröfu gerðarbeiðanda um að lögbann verði lagt við því að haldinn verði boðaður hluthafafundur í Vinnslustöðinni hf. að

Hafnargötu 2 í Vestmannaeyjum þann 31. ágúst n.k. kl. 11.00, þar sem á dagskrá er að kjósa nýja stjórn í félaginu.

Afstaða sýslumanns:.

Ekki er ágreiningur um að fullnægjandi sé lýst af hálfu gerðarbeiðenda hver sú athöfn er sem lögbanns er krafist við, sbr. 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 31/1991 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og að hún sé yfirvofandi í skilningi 1. mgr. 24. gr. sömu laga. Því liggur fyrir að taka afstöðu til þess hvort gerðarbeiðanda hafi tekist að sanna eða gera sennilegt að sú athöfn gerðarþola sem fólgin er í því að halda boðaðan hluthafafund feli í sér slíkt réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda að fallast eigi á kröfu hans um lögbann.

Skilyrði fyrir lögbanni er að finna í 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar lagagreinar er heimilt að leggja lögbann við athöfn, sem er byrjuð eða yfirvofandi, ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt 1) að athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, 2) að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það, og 3) að réttindi gerðarbeiðanda muni fara forgörðum eða þau verði fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Þurfa öll þrjú skilyrðin að vera uppfyllt svo heimilt sé að leggja lögbann á.

Til skoðunar kemur því hvort gerðarbeiðandi teljist hafa sannað eða gert sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum réttindum hans og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi i spjöllum í skilningi 1. mgr. 24. gr. l. nr. 31/1990 ef hann verður knúinn til að bíða dóms um þau.

Í lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda og greinargerð gerðarþola er ítarlega rakið í hverju ágreiningur málsaðila felst. Í stuttu máli virðist ágreiningurinn snúast um kjör nýrrar stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. (félagsins) á aðalfundi félagsins 6. júlí s.l. Í 7. lið fundargerðar aðalfundarins, framlagt skj. nr. 2, kemur fram að vegna annmarka á framkvæmd kosninganna hafi fundarstjóri tekið þá ákvörðun að kosning skyldi fara fram aftur og hún því endurtekin. Hafi nýir kjörseðlar verið afhentir hluthöfum á fundinum, en áður hafi fundarstjóri kannað að allir hluthafar sem tóku þátt í fyrri atkvæðagreiðslunni væru áfram til staðar á fundinum. Úrslit síðari atkvæðagreiðslunnar urðu þau að þar náðu fulltrúar gerðarbeiðanda, G og H, ekki kjöri í stjórn og varastjórn, eins og gerðarbeiðandi telur að þeir hafi gert í fyrri atkvæðagreiðslunni.

Gerðarbeiðandi telur að ný stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. (félagsins) hafi verið réttilega kjörin „í fyrra stjórnarkjörinu“ og hann eigi því að eiga tvo fulltrúa í stjórn félagsins í stað eins. Ný stjórn hefur ekki verið skráð hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra vegna ágreinings um lögmæti stjórnarkjörsins. Er eldri stjórn félagsins enn skráð í fyrirtækjaskrá, en þar hefur verið færð inn athugasemd um að

ágreiningur sé um kjör stjórnar á síðasta aðalfundi er haldinn var 6. júlí 2016, sbr. framlagt skj. nr. 12. Í fylgigögnum lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda kemur m.a. fram að hann hafi þann 7. júlí s.l. beint erindi til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra, þar sem hann krefst þess að fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hlutist til um að niðurstaða fyrra stjórnarkjörsins verði virt og mótmælir því að niðurstaða síðari atkvæðagreiðslunnar geti fengist skráð hjá fyrirtækjaskrá sem lögmæt niðurstaða aðalfundar um stjórnarkjör.

Af hálfu gerðarþola hefur því verið mótmælt að gerðarbeiðandi eigi þann rétt sem hann (gerðarbeiðandi) kveður sig eiga, þ.e. rétt á því að niðurstaða fyrri atkvæðagreiðslunnar eigi að standa og þar með að gerðarbeiðandi eigi lögvarinn rétt á því að koma í veg fyrir að hluthafafundur verði haldinn til að kjósa stjórn að nýju. Af hálfu gerðarþola hefur verið tekið fram að boðun til nýs hluthafafundar til að kjósa stjórn að nýju sé í raun eina leiðin til að koma málum í rétt horf og sé því einungis verið að fara að lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Þá hefur lögmaður gerðarþola bent á að gerðarbeiðandi verði á grundvelli hlutafjáreignar sinnar alltaf í minnihluta í stjórn félagsins hvort sem hann eigi einn eða tvo fulltrúa í stjórn.

Afstaða fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra til erindis gerðarbeiðanda, dags. 7. júlí s.l., liggur ekki enn fyrir svo sýslumanni sé kunnugt um. Að mati sýslumanns kann jafnframt að leika vafi á því að fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hafi yfir höfuð eitthvað úrskurðarvald í málinu og því líklegt að einungis dómstólar séu bærir til að leysa úr ágreiningsefninu. Að mati sýslumanns hefur gerðarbeiðandi ekki sannað eða gert nægilega sennilegt með framlögðum gögnum eða munnlegum málflutningi við meðferð þessa lögbannsmáls að hann eigi þann rétt sem hann telur sig eiga og að sá réttur sé lögvarinn í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Úrlausn um það hvort gerðarbeiðandi eigi þann rétt sem hann segist eiga mun aðeins fást fyrir almennum dómstólum, enda aðeins á færi dómstóla að túlka þau ákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995 sem ráða niðurstöðu um það efni.

Lögbann er í eðli sínu neyðarráðstöfun sem ekki á að beita í tilvikum þar sem almenn úrræði geta komið að haldi. Er það því eitt af skilyrðum þess að fallist verði á kröfu um lögbann að gerðarbeiðandi sýni fram á eða geri sennilegt að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Að mati sýslumanns hefur gerðarbeiðanda ekki tekist að sanna að þau réttindi sem hann telur sig eiga muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða sýslumanns að gerðarbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 séu uppfyllt til að verða við kröfu hans um lögbann. Ákveður sýslumaður því að synja kröfu gerðarbeiðanda um að lögbann verði lagt við því að haldinn verði boðaður hluthafafundur í Vinnslustöðinni hf. að Hafnargötu 2 í Vestmannaeyjum þann 31. ágúst n.k. klukkan 11:00, þar sem til stendur að kjósa nýja stjórn í félaginu.

Ekki eru lagaskilyrði til að verða við kröfu gerðarbeiðanda, um að gerðarþola verði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að mati sýslumanns og annan kostnað sem gerðarbeiðandi hafi af máli þessu, og er henni því vísað frá.

Ákvörðunarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, Brims ehf., um að lögbann verði lagt við því að haldinn verði boðaður hluthafafundur í Vinnslustöðinni hf. að Hafnargötu 2 í Vestmannaeyjum þann 31. ágúst n.k. klukkan 11:00, þar sem til stendur að kjósa nýja stjórn í félaginu, er synjað. Kröfu gerðarbeiðanda, Brims ehf., um að gerðarþola, Vinnslustöðinni hf., verði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að mati sýslumanns og annan kostnað sem gerðarbeiðandi hafi af máli þessu, er vísað frá.

Lára Huld Guðjónsdóttir, [sign]

Ákvörðun þessi er tekin að málsaðilum fjarstöddum í samræmi við það fyrirkomulag sem ákveðið var við fyrirtöku málins 29. ágúst s.l. Lögmönnum málsaðila verður nú tafarlaust send ákvörðun sýslumanns með tölvupósti og hún þannig kynnt þeim.

Staðfest endurrit málsgagna verða til reiðu kl. 10:00 miðvikudaginn 31. ágúst n.k. eða fyrr ef þörf krefur.

Þannig fram farið
Lára Huld Guðjónsdóttir, [sign]

Staðfest endurrit staðfestir:
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,
30. ágúst 2016.

SÝSLUMAÐURINN Í VESTMANNAEYJUM